

Sveitarfélagið Skagaströnd
b/t Óskar Örn Gunnarsson
Túnbraut 1-3
545 Skagaströnd

Reykjavík 28. maí 2019
UST201905-054/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Aðalskipulag Skagastrandar – Endurskoðun

Vísað er til erindis sveitarfélagsins Skagastrandar er barst 8. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að endurskoðun á aðalskipulagi Skagastrandar 2019 - 2031.

Heimsmarkmið sameinuðþjóðanna

Í lýsingu kemur fram að Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun skulu höfð að leiðarljósi í stefnumörkun sveitarfélagsins og telur Umhverfisstofnun það jákvæða nálgun.

Sjálfbær þróun er stefna stjórnvalda sem miðar að því að fullnæga þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum. Markmiðið er að skila umhverfinu í jafn góðu eða betra ásigkomulagi til komandi kynslóða.

Í greinargerð kemur fram að markmið stefnumótunar er m.a. að stuðla að því að nýting lands, auðlinda og mannauðs sé í samræmi við markmið sjálfbærrar þróunar.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi verndun á vistkerfum sem njóta sérstakrar verndar, vistgerðir sem hafa verndargildi, búsvæði fugla þá sérstaklega ábyrgðartegunda Íslands og fugla á valista o.fl. með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Umhverfisþættir og áherslur

Í greinargerð kemur fram að í umhverfismati áætlunarinnar verða helstu þættir til umfjöllunar samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru- og menningarminjar, vatn, sjór og strandlína, landslag og ásynd, náttúruvá og öryggi. Umhverfisstofnun telur óheppilegt að taka saman undir einn þátt náttúruminjar og menningarminjar þar sem um ólíka þætti er um að ræða. Umhverfisstofnun leggur til að áhrif stefnunnar séu metin á hvern þátt fyrir

sig s.s. á náttúruminjar, náttúrufar og dýralíf eða allir fari undir einn þátt sem gæti heitið „Náttúra“.

Sérstök vernd

Umhverfisstofnun telur að innan sveitarfélagsins séu votlendi 20.000 m² að flatarmáli eða stærri og stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri sem falla undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd þeirra vistkerfa sem falla undir 61. gr laganna með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Tillaga að B-hluta og fuglalíf

Í lýsingu kemur fram að nýjum lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 tóku gildi árið 2015 er gert ráð fyrir náttúruminjaskrá sem skiptist í þrjá hluta og B-hluti er framkvæmdaráætlun náttúruminjaskrár þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár heldur hefur Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) sent umhverfis- og auðlindaráðuneytinu tillögu að framkvæmdaráætlun náttúruminjaskrár (B-hluta). Tillagan hefur verið birt á heimasíðu stofnunarinnar og felur í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind.

Fráveita


Í greinargerð kemur fram að skoða þarf stöðu fráveitumála í aðalskipulagsvinnunni og taka ákvarðanir um þau. Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um hver staða fráveitumála er í sveitarfélaginu, þar sem kæmi fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert er ástand viðtakans.

Einnig bendir stofnunin á, að ef þörf sé á úrbótum í fráveitumálum og þá þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins sé varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta sé.

Vistgerðir


Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan sveitarfélagsins eru vistgerðir sem hafa mjög hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Starungsmýrarvist er dæmi um vistgerð innan sveitarfélagsins sem hefur mjög háttverndargildir með ríkulegur fuglalífi þar sem algengustu varpfuglar eru m.a. lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*) og þúfutittlingur (*Anthus pratensis*).

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi verndun vistgerða með hátt verndargildi og búsvæðum fugla.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur